

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf út frá sjónarhóli eftirlitsaðila

IcelandSIF

Morgunfundur um framsetningu, endurskoðun og eftirlit með ófjárhagslegum upplýsingum

21. nóvember 2019 – Halldór I. Pálsson



Um ársreikningaskrá

Hlutverk ársreikningaskrár

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Ársreikningaskrá er miðlæg landsskrá sem tekur á mót, varðveitir og veitir aðgang að skilaskyldum gögnum.
- Ársreikningaskrá fer með eftirlit með reikningsskilum allra þeirra félaga sem falla undir gildissvið ársreikningalaga.
 - ✓ félög sem beita ársreikningalögum (IS-GAAP) við samningu reikningsskilanna sinna og
 - ✓ félög sem er skylt eða hafa fengið heimild til þess að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS).

Síða 3

Hlutverk ársreikningaskrár

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Ársreikningaskrá hefur tvö meginmarkmið;
 - ✓ að tryggja að þau félög sem falla undir gildissvið laganna standi skil á skilaskyldum gögnum og
 - ✓ að tryggja að innsend gögn séu í samræmi við ákvæði laganna.
- Önnur verkefni ársreikningaskrár eru;
 - ✓ eftirlit með félögum sem fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og
 - ✓ veiting heimildar til færslu bókhalds og samningu ársreikninga í erlendri mynt.

Síða 4

Tímanleg skil

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna


- Hvernig tryggir ársreikningaskrá tímanleg skil;
 - ✓ í 1. mgr. 120. gr. laganna kemur fram að ársreikningaskrá skuli leggja stjórnvaldssektir á félög sem ekki skila ársreikningi eða samstæðureikningi innan þeirra fresta sem kveðið er á um í 109. gr.,
 - ✓ sektarfjárhæð nemur 600.000 kr. en lækkar um 90% ef skilað er innan mánaðar frá álagningu stjórnvaldssektarinnar, 60% innan tveggja mánaða og 40% ef skilað er innan þriggja mánaða.

Síða 5

Skil á ársreikningum

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna




Síða 6

Skil á ársreikningum

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna



Síða 7

Gæði upplýsinga í ársreikningum

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Gæði upplýsinga í íslenskum reikningsskilum; sagan?
 - ✓ fyrirtækið Euler Hermes hættir að veita íslenskum fyrirtækjum greiðslutryggingu árið 2009,
 - ✓ ástæðan er sú að það er vantraust og skortur á upplýsingaflæði, m.a. berast ársreikningar of seint til opinberrar birtingar hjá ársreikningaskrá og upplýsingar oft á tíðum ófullnægjandi,
 - ✓ afleiðingin er að íslensk fyrirtæki þurfa oftast að staðgreiða vörur eða setja bankatryggingu fyrir skilvísri greiðslu sem leiðir til hærri fjármagnskostnaðar hjá fyrirtækjunum og til hærri vöruverðs fyrir almenning.

Síða 8

Gæði upplýsinga í ársreikningum

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Hugtakið glögg mynd!

- ✓ kveðið á um í 1. mgr. 5. gr. laganna að ársreikningur skuli gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingum á handbæru fé,
- ✓ hugtakið er skilgreint í 20. tölul. 2. gr. þannig að glögg mynd felist í áreiðanlegri framsetningu og áhrifum viðskipta, öðrum atburðum og skilyrðum í samræmi við skilgreiningar og reglur um skráningu eigna, skulda, tekna og gjalda sem fram koma í lögum þessum, reglu-gerðum og settum reikningsskilareglum og
- ✓ ef ákvæði laganna nægja ekki til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé þá skal félagið veita viðbótarupplýsingar svo reikningurinn gefi glögga mynd sbr. 1. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna.

Síða 9

Gæði upplýsinga í ársreikningum

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Hugtakið mikilvægi?

- ✓ hugtakið mikilvægi er skilgreint í 28. tölul. 2. gr. laganna þannig að upplýsingar eru mikilvægar ef það að þeim er sleppt eða þær séu rangar getur haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur reikningsskilanna kunna að taka á grundvelli þeirra og mikilvægi einstakra liða skal meta í tengslum við aðra sambærilega liði,
- ✓ heimilt skv. 9. tölul. 11. gr. laganna að víkja frá skilyrðum laganna um færslu, mat, framsetningu og skýringar ef viðkomandi liður telst ekki einn og sér eða ásamt öðrum vera mikilvægur.

Síða 10

Gæði upplýsinga í ársreikningum

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Hvað gerir ársreikningaskrá til að tryggja gæði upplýsinga í ársreikningum séu í samræmi við sett regluverk?
 - ✓ úrtakskannanir þar sem hluti af innsendum ársreikningum hvers dags er tekið í skoðun,
 - ✓ ábendingar frá haghöfum,
 - ✓ „hnappurinn“
 - ✓ birtum áhersluatriði fyrir eftirlit með reikningsskilum hvers árs.

Síða 11

Gæði upplýsinga í ársreikningum

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Hafa gæði upplýsinga í ársreikningum íslenskra fyrirtækja batnað?
 - ✓ tvær rannsóknir hafa verið gerðar á gæðum upplýsinga í ársreikningum íslenskra fyrirtækja,
 - ✓ fyrri rannsóknin var hluti af doktorsverkefni þar sem könnuð voru gæði upplýsinga í 100 fyrirtækjum og
 - ✓ seinni rannsóknin var hluti af B.Sc. verkefni þar sem könnuð voru gæði upplýsinga í ársreikningum þeirra fyrirtækja sem höfðu verið hluti af fyrri rannsókninni og höfðu skilað inn samandregnum ársreikningum.

Síða 12

Skýrsla framkvæmdastjórnar

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Síða 13

Tilskipun 2013/34/EU

- Töluverðar breytingar urðu á lögum nr. 3/2006 vorið 2016 í kjölfar innleiðingar á tilskipun ársreikningatilskipunin og innleiðingar á tilskipun 2013/34/EU um ófjárhagslegar upplýsingar.
- Tilskipunin um ófjárhagslegar upplýsingar byggir á þörf fyrir að bæta upplýsingar sem félög gefa um samfélagsleg og umhverfisleg áhrif af starfsemi þeirra.
- Ófjárhagslegar upplýsingar eru ekki bara fyrir samfélagið heldur einnig í þágu fyrirtækjanna sjálfra.
- Ákvæði um ófjárhagslega upplýsingagjöf innleidd í íslenskan rétt í 66. gr. d. laga nr. 3/2006.

Síða 14

Tilskipun 2013/34/EU

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- 1. gr.: grein 19a í ársreikningatilskipunarinnar er breytt þannig að einingar tengdar almannahagsmunum (PIE) þar sem ársverk eru fleiri en 500 skuli birta í skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál.
- Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.



Síða 15

Tilskipun 2013/34/EU

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- 4. gr.: er heimild þess efnis að ef félag útbúi aðgreinda skýrslu sem nær yfir sama reikningsár megi undanskilja félagið frá skyldunni að birta þessar upplýsingar í skýrslu stjórnar að því tilskyldu að þær séu birtar samhliða skýrslu stjórnar og aðgengið sé tryggt á heimasíðu viðkomandi félags.



Síða 16

Skýrsla framkvæmdastjórnar

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Skýrsla framkvæmdastjórnar er frásögn sem styður við og veitir upplýsingar til viðbótar við hefðbundin fjárhagsyfirlit.
 - ✓ á að lýsa viðskiptalíkani félagsins, þ.e. hvað gerir félagið, af hverju og hvernig,
 - ✓ hver eru markmið stjórnenda félagsins og hvernig ætla þeir að ná þeim fram,
 - ✓ hverjar eru helstu áhættur sem félagið stendur frammi fyrir,
 - ✓ niðurstöður af rekstri félagsins og
 - ✓ hvaða lykilmælikvarða stjórnendur félagsins nota til að mæla hvort félagið sé að ná fram markmiðum sínum.

Síða 17

Ákvæði 66. gr. d.

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Félag sem fellur undir 9. tölul. og d-lið 11. tölul. 2. gr. og móðurfélög stórra samstæðna skulu láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfs-mannamál. Jafnframt skal gera grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornar við spillingar- og mútumálum.
 - ✓ félög sem teljast vera einingar tengdar almannahagsmunum (PIE) og móðurfélög stórra samstæða falla undir ákvæði 66. gr. d.
 - ✓ stór samstæða er félag sem fer yfir tvö af þremur viðmiðunar, þ.e. tekjur 6.000 millj. kr., eignir 3.000 millj. kr. og ársverk 250.

Síða 18

Ákvæði 66. gr. d.

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Yfirlitið skal enn fremur innihalda eftirfarandi:
 - ✓ stutta lýsingu á viðskiptalíkani félagsins,
 - ✓ lýsingu á stefnu félagsins í tengslum við mál samkvæmt þessari grein, ásamt lýsingu á því hvaða áreiðanleikakönnunarferli félagið framfylgir,
 - ✓ yfirlit yfir árangur af stefnu félagsins í málum samkvæmt þessari grein,
 - ✓ lýsingu á megináhættum sem tengjast þessum málum í rekstri félagsins, þ.m.t., eftir því sem við á og í réttu hlutfalli, um viðskiptatengsl þess, vörur eða þjónustu, sem líklegt er að hafi skaðleg áhrif á þessum sviðum, og hvernig félagið tekst á við þá áhættu og
 - ✓ ófjárhagslega lykilmælikvarða sem eru viðeigandi fyrir viðkomandi fyrirtæki.

Síða 19

Ákvæði 66. gr. d.

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Þarf að greina ýtarlega og með rökstuddum hætti frá ef félagið hefur ekki stefnu í tengslum við eitt eða fleiri mál samkvæmt greininni.
- Gefa þarf skýringar á fjárhæðum sem greint er frá í ársreikningnum.
- Heimilt er að láta upplýsingarnar aðeins ná til samstæðu.
- Dótturfélög undanskilin ef upplýsingar eru birtar um samstæðuna.

Síða 20

Leiðbeinandi reglur

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Evrópusambandið gaf út í júlí 2017 leiðbeinandi reglur um ófjárhagslega upplýsingagjöf.
- Ársreikningaskrá gerði ekki kröfu um að yfirlit um ófjárhagslegar upplýsingar fylgdi skýrslu stjórnar fyrir en frá og með 1. janúar 2017.
- Ástæðan var sú að ekki voru komnar fram leiðbeinandi reglur um framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga.
- Ekki er skylt að beita þeirri aðferðarfræði sem sett er fram í leiðbeinandi reglum Evrópusambandsins, en fjalla verður um þau atriði sem sett eru fram í lagagreininni.

Síða 21

Eftirlit ársreikningaskrár

RSK

Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Farið var yfir framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga í reikningskilum fyrirtækja vegna ársins 2017.
- Niðurstaðan úr eftirlitinu var að framsetning upplýsinga í skýrslu framkvæmdastjórnar og upplýsingagjöf vegna ófjárhagslegrar upplýsinga var verulega ábótavant.
- Ástæðan er fyrst og fremst sú að þetta er nýtt fyrir stjórnendum fyrirtækja.

Síða 22

Eftirlit ársreikningaskrár

RSK

 Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

- Er viðskiptalíkani félagsins lýst?

Sp. 1: Er birt stutt lýsing á viðskiptalíkani félagsins (a-liður 1. mgr.)

Er viðskiptalíkani félagsins lýst á skýran og greinargóðan hátt (clear, understandable and factual manner)

Er stutt lýsing á viðskiptalíkani félagsins

Lýsir félagið, ef veruleg breyting varð á starfsemi þess, þeim afurðum sem það framleiðir eða þjónustu sem það veitir og hvernig félagið uppfyllir þarfir viðskiptavina sinna?

Lýsir félagið, ef veruleg breyting varð á starfsemi þess, hvernig framleiðsuferli þess er háttað og hvað gerir afurðir þess samkeppnishæfar og sjálfbærar?

Lýsir félagið, ef veruleg breyting varð á starfsemi þess, einkennum á þeim markaði/mörkuðum sem það starfar á og hvernig þeir gætu þróast?

JÁ	NEI	E/V

- ✓ í flestum tilvikum er „stutt lýsing“ á viðskiptalíkani félagsins
- ✓ í nokkrum tilvikum var ekki að finna neinar upplýsingar um viðskiptalíkan viðkomandi félags

Síða 23

RSK

 Fagmennska
Jákvæðni
Samvinna

Takk fyrir

Síða 24